






Alls hafa um 16.700 einstaklingar leitað til VIRK frá upphafi.

Yfir 80% þeirra sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála.



2.620 einstaklingar eru nú í starfsendurhæfingaráþróun á vegum VIRK um allt land.

Tæplega 80% þeirra rúmlega 9.700 einstaklinga sem útskrifast hafa frá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift; þ.e. í vinnu, í atvinnuleit eða lánshæfu námi.



Þjónustukannanir VIRK sýna að þátttakendur eru undantekningalítið mjög ánægðir með þjónustuna og telja hana auka verulega bæði lífsgæði sín og vinnugetu.

Undanfarin fimm ár hefur Talmakönnun HF metið ávinninginn af starfsemi VIRK.

17,2 milljarða ávinningur var af starfseminni 2018 og reiknaður meðalsparnaður á hvern útskrifaðan einstakling var 12,7 milljónir.

Markmið og tilgangur VIRK

- VIRK Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun stofnuð árið 2008 af helstu samtökum stéttarfélaganna og atvinnurekenda á vinnumarkaði.
- Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarpjónustu.
- Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða fólk við að komast til vinnu. Um er að ræða markvissa einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings.
- Markmið VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku.
- Rétt á þjónustu VIRK eiga þeir einstaklingar sem ekki sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubreysts og eru með beiðni eða vottorð frá lækni og hafa það að markmiði að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði eða að auka þátttöku sína á vinnumarkaði.

Starfsemi VIRK

- VIRK vinnur að starfsendurhæfingu samkvæmt lögum 60/2012 í samstarfi við stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóði, þjónustuaðila í starfsendurhæfingu og stofnanir velferðarkerfisins.
- Starfsemi VIRK er fjármögnuð af atvinnurekendum, lífeyrissjóðum og ríkisvaldinu samkvæmt lögum 60/2012.
- VIRK hefur byggt upp þverfaglegan starfsendurhæfingarferil, persónulega ráðgjöf og þjónustu sem hefur það markmið að koma einstaklingum til vinnu.
- VIRK leggur mjög mikið uppúr góðu samstarfi við aðrar stofnanir innan velferðarkerfisins.
- Þjónusta VIRK er til staðar á öllum helstu þéttbýlisstöðum landsins, er einstaklingsmiðuð og einstaklingum að mestu að kostnaðarlausu.
- Á vegum VIRK starfa um 50 sérhæfðir ráðgjafar staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land sem fylgja notendum þjónustunnar allan starfsendurhæfingarferilinn og hvetja þá áfram.
- VIRK á í miklu og góðu samstarfi við fagfólk um allt land, leggur áherslu á að nýta fagfólk á hverju svæði fyrir sig og þróa úrræði sem henta þeim fjölbreytta hópi sem nýtir sér þjónustu VIRK.
- 500 þjónustuaðilar um allt land eru í samstarfi við VIRK og keypt var þjónusta af þeim fyrir einstaklingana í starfsendurhæfingu fyrir um 1,3 milljarð króna árið 2018.